

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinn landdýra í haldi og útungunareggja ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 191, 16.6.2020, bls. 3.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinn skráðra og nýtilkominn sjúkdóma ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 frá 28. apríl 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur og vottunarkröfur vegna tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1625 frá 25. ágúst 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 345.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 42.

starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja ⁽⁵⁾.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu Sambandsins og skýrslugjöf Sambandsins um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið ⁽⁶⁾.
- 7) Framseld reglugerð (ESB) 2019/2035 fellir úr gildi frá 21. apríl 2021, reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 509/1999 ⁽⁷⁾, (EB) nr. 2680/1999 ⁽⁸⁾, (EB) nr. 911/2004 ⁽⁹⁾, (EB) nr. 644/2005 ⁽¹⁰⁾ og (EB) nr. 1739/2005 ⁽¹¹⁾ og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2000/678/EB ⁽¹²⁾, 2001/672/EB ⁽¹³⁾, 2004/764/EB ⁽¹⁴⁾, 2006/28/EB ⁽¹⁵⁾, 2006/968/EB ⁽¹⁶⁾ og 2009/712/EB ⁽¹⁷⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum frá 21. apríl 2021.
- 8) Framseld reglugerð (ESB) 2020/689 fellir úr gildi, frá 21. apríl 2021, ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2000/428/EB ⁽¹⁸⁾, 2002/106/EB ⁽¹⁹⁾, 2003/422/EB ⁽²⁰⁾, 2006/437/EB ⁽²¹⁾ og 2008/896/EB ⁽²²⁾ og framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/1554 ⁽²³⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott samkvæmt samningnum frá 21. apríl 2021.
- 9) Framseld reglugerð (ESB) 2020/691 fellir úr gildi, frá , 21. apríl 2021, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/392/EB ⁽²⁴⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá 21. apríl 2021.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 366, 4.11.2020, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 60, 9.3.1999, bls. 53.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 326, 18.12.1999, bls. 16.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 65.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 18.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 47.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 281, 7.11.2000, bls. 16.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 235, 4.9.2001, bls. 23.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 339, 16.11.2004, bls. 9.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 32.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 41.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 247, 19.9.2009, bls. 13.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. ESB L 167, 7.7.2000, bls. 22.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. ESB L 39, 9.2.2002, bls. 71.

⁽²⁰⁾ Stjtið. ESB L 143, 11.6.2003, bls. 35.

⁽²¹⁾ Stjtið. ESB L 237, 31.8.2006, bls. 1.

⁽²²⁾ Stjtið. ESB L 322, 2.12.2008, bls. 30.

⁽²³⁾ Stjtið. ESB 247, 23.9.2015, bls. 1.

⁽²⁴⁾ Stjtið. ESB L 138, 28.5.2008, bls. 12.

- 10) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 11) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á lið 13f (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692) í hluta 1.1:

„13g. **32019 R 2035**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (Stjtið. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 191, 16.6.2020, bls. 3, breytt með:

- **32020 R 1625**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1625 frá 25. ágúst 2020 (Stjtið. ESB L 366, 4.11.2020, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 83. gr. er orðunum „eða eftir þann dag þegar tollferli lýkur þar sem dýrin eru afgreidd í frjálst flæði samkvæmt norsku tollferli“ bætt við á eftir orðunum „reglugerðar (ESB) nr. 952/2013“.
- b) Í 87. og 88. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, er orðunum „eða á gildistöku degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2021 frá 5. febrúar 2021, eftir því hvor dagsetningin er síðar“ bætt við á eftir orðunum „21. apríl 2021“.

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 13h. **32020 R 0689**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinna

skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 13i. **32020 R 0691:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 345).
- 13j. **32020 R 0990:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 frá 28. apríl 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur og vottunarkröfur vegna tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 42).
- 13k. **32020 R 2002:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu Sambandsins og skýrslugjöf Sambandsins um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdóma-lausrí stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið (Stjtið. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1).

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi röðum er bætt við töfluna í IV. viðauka:

Ísland	dýralæknaeiningar eða sveitarfélög
Noregur	Kommune

“

Ákvæði þessarar gerðar gilda að því er varðar Ísland á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.“

2. Texti liðar 86a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 509/1999), 86b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2680/1999), 112. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/672/EB), 132. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/968/EB), 141. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004), 142. liðar (reglugerð fram-

kvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 644/2005), 143. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB) og 145. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/712/EB) í hluta 1.2, 24. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/764/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 1.2, 33. liðar (framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/262) og 34. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/712/EB) í hluta 2.2, liðar 8b (framkvæmdar-ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1554) í hluta 3.1, 14. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/428/EB), 23. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/106/EB), 28. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/422/EB), 37. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/437/EB), 42. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/896/EB) og 44. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/712/EB) í hluta 3.2, 57. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/678/EB), 82. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1739/2005), 85. liðar (framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/262), 87. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/392/EB) og 91. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/712/EB) í hluta 4.2, fellur brott frá 21. apríl 2021.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/2035, sbr. leiðréttingar í Stj tíð. ESB L 191, 16.6.2020, bls. 3, (ESB) 2020/689, (ESB) 2020/691, (ESB) 2020/990 og (ESB) 2020/1625 og framkvæmdareglugerðar (ESB) 2020/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020 frá 11. desember 2020 ⁽²⁵⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁵⁾ Verður birt.

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING